



AÐALSKIPULAG HRUNAMANNAHREPPS 2016-2032

Stækkun efnistökusvæðis á Kópavatni

23.10.2024




Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 10.04.2025


Umhverfis- og tæknisvið
Uppsveita
Skipulagsfulltrúi

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 4. júní 2025




SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: 12.09.24 með athugasemdafresti til: 04.10.24

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: 13.02.25 með athugasemdafresti til: 28.03.25

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

109677-01-GRG-001-V01

HÖFUNDUR

IS

RÝNT

SOS

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagsgögn	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
2.1	Jarðalög	5
2.2	Efnistaka og líklegt fyrirkomulag efnisvinnslu	6
2.3	Gróður og jarðmyndanir	6
2.4	Flokkun landbúnaðarlands	6
2.5	Lífriki	7
2.6	Flóð í Hvítá	7
2.7	Minjar	8
3	AÐRAR ÁÆTLANIR	8
3.1	Landsskipulagsstefna 2024-2038	8
3.2	Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032	9
3.3	Vatnaáætlun 2020-2027	10
3.4	Samræmi aðalskipulagsbreytingar við gildandi stefnur	11
4	AÐALSKIPULAGSBREYTING	11
4.1	Sveitarfélagsuppdráttur	11
4.2	Greinargerð	11
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	12
5.1	Umhverfispættir og áherslur	12
5.2	Valkostir og umhverfisáhrif	13
5.2.1	Niðurstaða	15
6	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	16
6.1	Skipulagsferli	16

1 INNGANGUR

Hrunamannahreppur vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Með breytingunni verður efnistökusvæðið E28 á Kópsvatni stækkað úr 1,5 ha í 24,0 ha. Svæðið sem um ræðir er í gildandi skipulagi landbúnaðarsvæði. Heimilt verður að vinna allt að 300.000 m³ af efni. Mikill þörf er fyrir góðar efnisnámur í uppsveitum Árnessýslu vegna byggingar íbúða og gatnagerð, einkum á Flúðum og í Reykholti. Náman er með framkvæmdaleyfi fyrir vinnslu á 50.000 m³ af efni.

Samhliða aðalskipulagsbreytingu verður send fyrirspurn um matsskyldu til Skipulagsstofnunar. Stefna í breyttu aðalskipulagi fellur undir viðauka 1 í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Mörkuð er stefna um efnistöku þar sem áætlað er að raska 2,5 ha svæði eða stærra eða efnismagn er 50.000 m³ eða meira, einnig efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 2,5 ha svæði eða stærra, skv. lið 2.02.

1.1 Skipulagsgögn

Skipulagsgögn eru greinargerð þessi með umhverfismatsskýrslu og gildandi og breyttum aðalskipulagsupprætti.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Efnistökusvæðið er austan við Hvítá í landi Kópsvatns. Á svæðinu er að finna mól, jökulleir og böggla-berg og er efnið heppilegt til ýmis konar notkunar. Mikil þörf er fyrir góðar efnisnámur í uppsveitum Árnessýslu s.s. vegna byggingar íbúða og gatnagerð. Þetta á t.d. við á Flúðum og í Reykholti en á báðum þéttbýlisstöðum standa yfir framkvæmdir við nýja íbúðarbyggð og gatnagerð. Náman er með framkvæmdaleyfi fyrir vinnslu á 50.000 m³ af efni.

Aðkoma að efnistökusvæðinu er í dag um land Kópsvatns en verður til framtíðar af Bræðratunguvegi, skammt austan brúar yfir Hvítá. Sama aðkoma og er að námu E32. Samkomulag er á milli jarðanna Kópsvatns og Bryðjuholts um aðkomuna.



MYND 1. Núverandi ásjúnd efnistökusvæðis. Myndi tekin af brú yfir Hvítá á Bræðratunguvegi.

2.1 Jarðalög

Um 22 ha af landbúnaðarlandi er leyst úr landbúnaðarnotum og skal sveitarstjórn gera grein fyrir og taka rökstudda afstöðu til sjónarmiða sem sett eru fram í 5. gr. jarðalaga, þ.e. hvort landið er stærra en þörf krefur að teknu tilliti til þeirra nýtingaráforma sem skipulagstillagan felur í sér og hvort aðrir valkostir um staðsetningu komi til greina fyrir fyrirhugaða nýtingu á landi.

Hluti svæðisins telst vera gott landbúnaðarland. Sveitarfélagið vill þrátt fyrir þetta heimila að landinu verði breytt í efnistökusvæði. Mikil þörf er fyrir góð efnistökusvæði fyrir framkvæmdir og náman á Kópsvatni er vel staðsett m.t.t. vegalengdar að þéttbýlisstöðum, einkum í uppsveitum Hrunamanna-hrepps og Bláskógabyggðar. Auk þess verður að lokinni efnistöku möguleiki á að ganga þannig frá landinu að það geti aftur nýst til beitar/ræktunar. Sveitarfélagið vill að strax í upphafi sé tekið frá stórt svæði undir efnistöku þannig að hægt sé að meta líkleg umhverfisáhrif af heildarefnistöku og bregðast strax við hugsanlegum neikvæðum áhrifum. Vissulega er víðar að finna heppileg jarðefni sem nýst geta til framkvæmda í Uppsveitum. Kostir námu á Kópsvatni eru að hún er tiltölulega miðsvæðis og fjarri

byggð þannig að umferð, mögulegur hávaði vegna efnisvinnslu eða ryk frá henni ætti ekki að hafa áhrif á íbúa. Auk þess að landeigandi hefur óskað eftir að náman verði stækkuð.

2.2 Efnistaka og líklegt fyrirkomulag efnisvinnslu

Markmiðið er að efnistakan fari fram í sem mestri sátt við umhverfið og að sjónrænum áhrifum sökum efnisvinnslu verði haldið í lágmarki. Umhverfisáhrif þess að stækka námur sem eru nú þegar í notkun eru í flestum tilfellum minni heldur en að opna nýjar og leggur framkvæmdaaðili því áherslu á að nýta efni svæðisins sem best.

Efni verður unnið í námunni, bæði harpað og blandað og að einhverju leyti geymt á svæðinu þar til þörf verður á því. Dýpt á efnistöku miðast við að vera fyrir ofan þekkta flóðlínu svo Hvítá flæði ekki yfir svæðið og skoli efninu burtu. Um 4 m lag af mold er ofan á efninu. Hugmyndin er að ýta henni í kanta nærliggjandi túns og í lautir til að stækka túnið og slétta. Túnið verur ræktað og nýtt sem slíkt. Vinnslu í námunni verður áfangaskipt, eftir því sem hægt er. Þannig verður mold af áfanga tvö nýtt til frágangs á áfanga eitt og svo koll af kolli. Sáð verður í svæðið að efnistöku lokinni og það annað hvort nýtt sem tún eða beitoland. Áhersla er lögð á að frágangur verði þannig að komið sé í veg fyrir rof og uppblástur af svæðinu.

2.3 Gróður og jarðmyndanir

Stærsti hluti svæðisins er gróinn. Þar er að finna vistgerðirnar tún og akurlendi, melagambravist, hraun-gambravist, eyravist, alaskalúpínu, língresis- og vingulsvist, víðikjarrvist, starungsmýrarvist, gulstarar-flóavist. Þrjár þær síðasttöldu hafa mjög hátt verndargildi og língresis- og vingulsvist hefur hátt verndar-gildi.


Innan framkvæmdasvæðisins eru votlendisvistgerðir. Samkvæmt 61. grein náttúruverndarlaga býr votlendi yfir sérstakri vernd ef svæðið er 20.000 m² eða stærra. Votlendi innan framkvæmdasvæðis þekur ekki svo stórt svæði og fellur því ekki undir sérstaka vernd.

Vert er að taka fram að nokkur óvissa er í vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnun Íslands. Einnig hefur efnistaka nú þegar átt sér stað innan framkvæmdarsvæðis svo vistgerðum hefur verið raskað að einhverju leyti.

Ekki er að finna þekkt náttúrufyrirbæri innan svæðisins eða í nágrenni þess.

2.4 Flokkun landbúnaðarlands

Landbúnaðarland hefur verið flokkað í Hrunamannahreppi. Niðurstaðan fyrir efnistökusvæði á Kópsvatni er sýnd á mynd 2. Þar sést að land lendir í flokki I (grænt) og IV (ljóst). Land í flokki I er best fallið til ræktunar og land í flokki IV er óhentugt/óhæft til ræktunar. Flokkunin miðast við mælikvarðann 1:50.000 og því kunna að vera minni svæði inn á milli sem ýmist flokkast betur eða lakar en niðurstaðan gefur til kynna.



MYND 2. Flokkun landbúnaðarlands í Hrunamannahreppi. Efnistökusvæði er innan rauða hringsins.

2.5 Lífríki

Framkvæmdin er ekki innan hverfisverndarsvæðis en beggja vegna framkvæmdasvæðisins eru svæði sem falla undir hverfisvernd, Kópsvatn og Kópsvatnseyrar. Verndunin er vegna votlendis og fjölbreytts fuglalífs sem er á svæðinu. Á Kópsvatnseyrum er mikið varp, aðallega sílamávr og grágæs og umhverfis Kópsvatn er mjó votlendisræma og fjær eru mýrablettir.

Suðurlandsundirlendið er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði. Mikið af fuglategundum sem halda til á Suðurlandsundirlendi nýta sér tún á fartímum í stórum hópum. Einnig má gera má ráð fyrir að eitthvað varp sé innan framkvæmdasvæðisins þó svæðinu hafi verið raskað að miklu leyti með landbúnaði og efnistöku. Leitast verður við að taka tillit til fugla og að haga efnistöku þannig að hún hafi sem minnst áhrif á fugla á nærliggjandi svæðum, einkum á varptíma.

Hvítá er fiskgeng að Gullfossi og hefur Hafrannsóknastofnun rannsakað seiðabúskap í ánni. Fundist hafa seiði laxa, bleikju og urriða. Seiðin eru flest á fyrsta ári en þéttleiki er breytilegur. Efnistaka er ekki fyrirhuguð í Hvítá og því ekki reiknað með áhrifum á seiði eða fiskistofna.

2.6 Flóð í Hvítá

Hluti efnistökusvæðisins er innan flóðasvæðis vegna flóða í Hvítá. Þess verður gætt að botn námu sé a.m.k. 50 cm yfir þekktri flóðhæð þannig að flóð breiðist ekki yfir stærra svæði og valdi mögulega landbroti. Land austan Hvítár er nokkuð hærra en vatnsborð árinna. Nyrst í fyrirhugaðri námu er land allt að 18 m hærra.

2.7 Minjar

Aðalskráningu fornminja er lokið á Kópavatni. Skv. henni eru nokkrar þekktar minjar innan svæðis eða í næsta nágrenni þess. Um er að ræða beitarhús, tóftir, vað og lögn. Hleðslur beitarhúsa eru sýnilegar en um aðrar minjar er til heimild eða frásagnir. Hafa skal samráð við Minjastofnun um framkvæmdir í nágrenni við minjar.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.



MYND 3. Fornminjar á Kópavatni skv. aðalskráningu fornminja í Hrunamannahreppi. Appelsínugul lína eru mörk námunnar.

3 AÐRAR ÁÆTLANIR

3.1 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Við skipulagsgerð í dreifbýli verði landi sem hentar vel til ræktunar matvæla almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti, svo sem til skógræktar.

Skipulagsákvörðanir um ráðstöfun lands til landbúnaðar og annarrar nýtingar byggist á flokkun landbúnaðarlands með tilliti til ræktunarskilyrða, auk landslagsgreiningar og vistgerðaflokkunar.

Skipulag miði að því að vernda kolefnisríkan jarðveg. Jafnframt stuðli skipulag að því að draga úr hnignun vistkerfa og stuðla að endurheimt þeirra, með það að markmiði að draga úr losun, auka bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri og vernda líffræðilega fjölbreytni.

Við skipulagsgerð í dreifbýli verði lögð áhersla á að varðveita náttúru- og menningarminjar sem hafa staðbundið eða víðtækara gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu og að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni.

Við skipulagsgerð verði gætt að því að byggð gangi ekki að óþörfu á svæði sem eru verðmæt vegna náttúruverndar.

3.2 Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032

Stefna um landbúnaðarsvæði, kafli 2.2.1

- Svæði sem flokkast sem gott landbúnaðarland, (flokkur I og II) verði áfram nýtt til landbúnaðar, einkum matvælaframleiðslu.

Stefna um efnistökusvæði, kafli 2.2.9

- Lögð er áhersla á nægt framboð efnistökusvæða.
- Efnistaka fari að jafnaði ekki fram á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi.
- Áhersla verði á góða umgengni á nýtingartíma og góðan frágang.
- Að jafnaði verði ekki efnistaka á svæðum á náttúruminjasrá eða hverfisverndarsvæðum.

TAFLA 1. Stefna gildandi aðalskipulags um efnistökusvæði E28 á Kópavatni.

NR	HEITI	LÝSING	MAGN M ³ (ALLT AÐ)	STÆRÐ M ² (ALLT AÐ)	JÖRÐ
E28	Kópavatn	Malarnáma	25.000	15.000	Kópavatn

Eftirfarandi reglur gilda um efnistöku og efnislosun skv. gildandi aðalskipulagi:

- Jarðefni er auðlind og nýta skal það efni sem best er til framkvæmdar fallið.
- Efnistaka og efnislosun sé að jafnaði ekki á verndarsvæðum. Taka skal tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Taka skal tillit til þekktra fornminja. Ekki verði unnið nær friðlýstum fornminjum og öðrum merkjum minjum en 100 m og ekki nær öðrum minjum en 20 m.
- Að heildarsvipmót landslagsheildar raskist sem minnst.
- Að takmarka sem mest sýnileika frá fjölförnum stöðum, sérstaklega ef svæðið verður opið í einhvern tíma.
- Að vegalengd frá efnistöku-/efnislosunarsvæði að framkvæmdastað sé innan hóflegra marka.
- Með umsókn um framkvæmdaleyfi skal leggja fram verkáætlun og tímasetta nýtingaráætlun ásamt afstöðumynd og áætlun um frágang að vinnslu lokinni.

- Áætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og taka mið af þeim verndarákvæðum sem þar eru sett fram, s.s vegna hverfisverndar, svæða á náttúruinjasrá, friðlýstra svæða og friðlýstra fornminja.
- Við efnistöku úr árfarvegum skal þess gætt að hafa sem minnst áhrif á lífríki ána og valda ekki landbroti. Öll efnistaka nærri ám og vötnum skal unnin í samráði við veiðifélög.
- Góð umgengni um námu á framkvæmdatíma dregur úr sjónrænum áhrifum og hættu á foki.
- Við frágang efnistöku- og efnislosunarsvæða verði leitast við að raskað svæði verði sem líkast aðliggjandi landi varðandi landslag og gróður.
- Gerð er krafa um góða umgengni, skipulögð vinnubrögð og snyrtilegan frágang að lokinni vinnslu.

Stefna um hverfisvernd, kafli 2.6.2

Hverfisvernd er á tveimur svæðum sitt hvoru megin við það svæði sem áætlað er fyrir efnistöku.

- Mannvirkjagerð leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.
- Unnið verði að endurheimt votlendis þar sem aðstæður leyfa.

TAFLA 2. Stefna gildandi aðalskipulags um hverfisverndarsvæðið HV8 í landi Kópsvatns.

NR	HEITI	LÝSING/SKILMÁLAR
HV8	Kópsvatn og Kópsvatnseyrar	Eitt af fáum lítt breyttum votlendissvæðum í byggð. Vatnið er lítið en með fjölbreyttu fuglalífi. Umhverfis vatnið er fremur mjó votlendisræma og fjær eru mýrablettir. Á Kópsvatnseyrum er allmikið varp, aðallega sílamávur og grágæs.

Stefna um náttúruvá, kafli 2.7

Efnistaka verður að hluta til innan flóðasvæðis Hvítár. Eftirfarandi er stefna um náttúruvá vegna flóða í gildandi skipulagi.

- Efla almannavarnir vegna mögulegra jarðskjálfta og flóða.

3.3 Vatnaáætlun 2020-2027

Við efnistökusvæðið er að finna þrjú vatnshlot skv. vatnavefsja:

- 103-287-G Kerlingarfjöll-Hreppar. Umhverfismarkmið er að magnstaða sé góð og efnafræðilegt ástand sé gott. Núverandi ástand er óþekkt. Ekkert álag er skráð á vatnshlotið.
- 103-836-R Hvítá 3. Umhverfismarkmið er að vistfræðilegt ástand sé mjög gott og efnafræðilegt ástand sé gott. Vistfræðilegt ástand er mjög gott en efnafræðilegt ástand er óþekkt. Ekkert álag er skráð á vatnshlotið og talið að umhverfismarkmið náist.
- 103-255-G Hvítá. Umhverfismarkmið í Hvítá er að magnstaða sé góð og efnafræðilegt ástand sé gott en núverandi ástand er óþekkt. Ekkert álag er skráð á vatnshlotið.

3.4 Samræmi aðalskipulagsbreytingar við gildandi stefnur

Landbúnaðarland hefur verið flokkað í Hrunamannahreppi og er stór hluti svæðisins í flokki I og II. Breytingin gengur gegn þeirri stefnu sveitarfélagsins og landsskipulagsstefnu að svæði sem flokkast sem gott landbúnaðarland verði áfram nýtt til landbúnaðar, einkum matvælaframleiðslu. Flokkun landbúnaðarlands miðast við mælikvarðann 1:50.000 og því kann að vera meiri breytileiki innan svæðis en niðurstaða flokkunarinnar gefur til kynna. Mögulega koma önnur svæði til greina fyrir efnistöku en sveitarfélagið metur staðsetningu þessa svæðis heppilega vegna fjarlægðar frá byggð og auðveldrar aðkomu sem ekki er til þess fallin að valda íbúum ónæði. Auk þess hefur svæðinu þegar verið raskað með efnistöku og gerð túns. Því vill sveitarfélagið heimila aðalskipulagsbreytinguna og að gott landbúnaðarland verði að hluta til tekið úr landbúnaðarnotum.

Beggja vegna efnistökusvæðis er svæði undir hverfisvernd vegna fuglalífs og varps sílamáfs og grágæsar. Til að draga úr mögulegum áhrifum á fugla eru settir skilmálar um að haga skuli efnistöku þannig að hún hafi sem minnst áhrif á fugla á nærliggjandi svæðum, einkum á varptíma.

Núverandi ástand grunnvatnshlota er óþekkt. Núverandi vistfræðilegt ástand straumvatnshlotsins Hvítá 3 er mjög gott en efnafræðilegt ástand er óþekkt. Ekkert álag er skráð á vatnshlotin. Ekki er gert ráð fyrir að efnistakan breyti ástandi vatnshlota eða komi í veg fyrir að þau nái umhverfismarkmiðum sínum.

4 AÐALSKIPULAGSBREYTING

Gerð er breyting á greinargerð og sveitarfélagsuppdrætti.

4.1 Sveitarfélagsuppdráttur

Á sveitarfélagsuppdrætti er efnistökusvæðið E28 stækkað. Landbúnaðarsvæði minnkar samsvarandi.

4.2 Greinargerð

Stefna í gildandi skipulagi

TAFLA 3. Stefna fyrir efnistökusvæðið E28 í gildandi aðalskipulagi.

NR	HEITI	LÝSING	MAGN M ³ (ALLT AÐ)	STÆRÐ M ² (ALLT AÐ)	JÖRÐ
E28	Kópsvatn	Malarnáma	25.000	15.000	Kópsvatn

Stefna í breyttu skipulagi

Efnistökusvæðið E28 er stækkað úr 1,5 ha í 24,0 ha og heimilað að vinna allt að 300.000 m³ af efni. Gert er ráð fyrir að efnistöku verði áfangaskipt í tengslum við útgáfu framkvæmdaleyfis.

TAFLA 4. Stefna fyrir efnistökusvæðið E28 í breyttu aðalskipulagi.

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	MAGN M ³ (ALLT AÐ)	STÆRÐ M ² (ALLT AÐ)	JÖRÐ
E28	Kópsvatn	Malar-, sand- og grjótnáma. Vanda skal umgengni um svæðið á vinnslutíma og við frágang að vinnslu lokinni. Æskilegt er að áfangaskipta efnisvinnslu á svæðinu við útgáfu framkvæmdaleyfis. Leitast skal við að draga úr ásýnd af efnistöku og efnisvinnslu. Forðast skal að raska stærra svæði en nauðsynlegt er. Botn námu skal vera a.m.k. 50 cm yfir þekktri flóðhæð Hvítár og skal haga vinnslu á svæðinu þannig að ekki sé hætt á að flóðvatn komist í námuna eða að hætt verði á landbroti. Nýta skal yfirborðsefni til frágangs. Ganga skal jafnóðum frá þeim hluta svæðis þar sem efnistöku er lokið. Leitast skal við að taka tillit til fugla á varptíma og að haga efnistöku þannig að hún hafi sem minnst áhrif á fugla á nærliggjandi svæðum, einkum á varptíma. Óheimilt er að geyma olíur í námunni til að minnka hættu á mengun. Hafa skal samráð við Minjastofnun um framkvæmdir í nágrenni við minjar. Aðkoma er af Bræðratunguvegi skammt austan brúar yfir Hvítá og um vegslóða skammt frá bakka árinna.	300.000	240.000 (24,0 ha)	Kópsvatn

5 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Líkleg áhrif af stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar eru metin skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Markmið laganna er sjálfbær þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati framkvæmda og áætlana sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Stefna í breyttu aðalskipulagi fellur undir viðauka 1 í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Mörkuð er stefna um efnistöku þar sem áætlað er að raska 2,5 ha svæði eða stærra eða efnismagn er 50.000 m³ eða meira, einnig efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 2,5 ha svæði eða stærra, skv. lið 2.02. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar sem ákvarðar um matsskyldu.

5.1 Umhverfispættir og áherslur

Í umhverfismatsskýrslu eru skoðuð áhrif á þá umhverfispætti sem tilgreindir eru í töflu 5 **Error! Reference source not found.** og leitast við að svara matsspurningum.

TAFLA 5. Umhverfispættir, matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Land og landslag <i>Landslag.</i> <i>Jarðmyndanir.</i> <i>Ásýnd og sjónræn áhrif.</i>	Aðalskipulag - Landnotkun stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Landsskipulagsstefna 2024-2038 - Áhersla er á verndun viðerna, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða, gróðurlenda og menningarminja.	Hefur stefnan áhrif á náttúrulegt landslag og ásýnd svæða? Hefur stefnan áhrif á þekktar jarðmyndanir?
Vatnshlot <i>Ár, vötn og grunnvatn.</i>	Vatnaáætlun 2022-2027 - Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa þar sem þess er þörf til að vatn njóti heildstæðrar verndar. - Stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.	Hefur stefnan áhrif á ástand vatns, vistkerfi vatns eða vatnsverndarsvæði?
Gróður og dýr <i>Gróðurlendi og vistkerfi.</i> <i>Fuglar.</i> <i>Fiskar og seiði.</i>	Landsskipulagsstefna 2024-2038. - Áhersla á að viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika. - Ráðstöfun lands til landbúnaðar og annarrar nýtingar byggist á flokkun landbúnaðarlands m.t.t. ræktunarskilyrða. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, einkum 61. gr.	Hefur stefnan áhrif á vistgerðir, friðlýstar tegundir eða búsvæði sem njóta verndar eða eru mikilvæg? Stuðlar stefnan að því að gott landbúnaðarland sé nýtt til matvælaframleiðslu?
Samfélag <i>Íbúar.</i> <i>Atvinnulíf.</i>	Aðalskipulag Áhersla er á nægt framboð efnistökusvæða.	Stuðlar stefnan að góðum samgöngum?
Náttúruvá og mengun <i>Náttúruvá.</i> <i>Mengun.</i> <i>Hljóðvist.</i>	Landsskipulagsstefna 2024-2038 - Skipulag geri viðeigandi ráðstafanir varðandi heilnæmi umhverfis; vatnsvernd, vatnsveita, fráveita, úrgangur, hljóðvist og loftgæði. - Við skipulagsgerð verði tekið tillit til áhrifa loftslagsbreytinga, svo sem vegna hækkunar sjávarborðs, og náttúruvá, t.d. snjóflóða, skriðufalla, vatnsflóða, eldgosa, jökulhlaupa og jarðskjálfta, með það að markmiði að varna slysum á fólki og tjóni á mannvirkjum.	Er hættu á mengun eða hávaða vegna stefnunnar? Hefur stefnan áhrif á náttúruvá í íbúðar- eða frístundabyggð og á megin samgönguæðum?
Vernd <i>Menningarminjar.</i> <i>Hverfisvernd.</i>	Aðalskipulag - Mannvirkjagerð á hverfisverndarsvæðum leiði til eins lítillar röskunar og kostur er. - Stuðlað verði að verndun helstu menningarminja en jafnframt verði fólki gert kleift að njóta þessara verðmæta. Lög um menningarminjar nr. 80/2012.	Hefur stefnan áhrif á menningarminjar, búsetu- eða menningarlandslag? Hefur stefnan áhrif á vernduð svæði?
Loft <i>Losun og binding kolefnis.</i>	Landsskipulagsstefna 2024-2038. Skipulag feli í sér stefnu um loftslagsmál með kolefnishlutleysi og orkuskipti að leiðarljósi. Stefnt verði að því að draga eins og kostur er úr losun gróðurhúsalofttegunda og jarðefnaeldsneyti fasað út í lofti, á láði og legi.	Hefur stefnan áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis?

5.2 Valkostir og umhverfisáhrif

Ekki hefur farið fram úttekt í sveitarfélaginu hvar gott jarðefni til framkvæmda er að finna. Á Kópsvatni er efnistökusvæði með framkvæmdaleyfi og landeigandi hefur áhuga á umfangsmeiri efnistöku.

Svæðið er í nokkurri fjarlægð frá næstu bæjum sem sveitarfélagið telur að sé kostur. Sveitarfélagið áætla að efni úr námunni verði einkum nýtt til mannvirkjagerðar á Flúðum, í Reykholti og víðar í uppsveitum Árnessýslu. Náman er skammt frá líklegum notkunarstöðum, en tæpir 5 km eru að Flúðum og um 14 km að Reykholti.

Stefna í breyttu aðalskipulagi er borin saman við stefnu í gildandi aðalskipulagi.

Stækkun efnistökusvæðis og meiri efnistaka

Áhrif á land og landslag eru óveruleg. Efnistaka er nú þegar á hluta svæðisins og það hefur jafnframt verið ræktað að hluta til. Því er aðeins að hluta til um að ræða náttúrulegt landslag og eru áhrif á það metin neikvæð því bæði verður rask á landi og framkvæmdir sýnilegar frá Bræðratunguvegi. Til að minnka neikvæð áhrif eru settir skilmálar um að efnisvinnslu verði áfangaskipt, ganga skuli jafn óðum frá þeim hluta svæðis þar sem efnistöku er lokið og að yfirborðsefni verði nýtt til frágangs. Með þessu er talið að neikvæð áhrif séu lágmörkuð og heildaráhrif metin óveruleg.

Áhrif á vatnshlot eru óveruleg. Efnistaka verður ekki úr farvegi Hvítár og verður botn námu vel fyrir ofan þekktu flóðhæð í ánni. Skilmálar eru um að óheimilt sé að geyma olíur í námunni. Efnistaka er ekki líkleg til að koma í veg fyrir að vatnshlot nái umhverfismarkmiðum sínum.

Áhrif á gróður og dýr eru óveruleg/neikvæð. Rask verður á vistgerðum við efnistöku en hluta svæðis hefur verið raskað við fyrri efnistöku og ræktun túns. Á svæðinu er skv. vistgerðarkorti að finna votlendi en stærð þess er innan viðmiðunarmarka. Hluti svæðis er ræktað land og verður það tekið úr landbúnaðarnotum. Þegar gengið hefur verið frá námu að lokinni efnistöku er möguleik að græða landið upp eða rækta þar tún og nýta áfram til landbúnaðar.

Ekki verður tekið efni úr Hvítá og því engin áhrif á dýralíf í ánni. Neikvæð áhrif verða á fugla vegna hávaða við efnisvinnslu og umferð vinnuvéla. Sett er stefna um að leitast skuli við að taka tillit til fugla á varptíma og hafa efnistöku þannig að hún hafi sem minnst áhrif á fugla á nærliggjandi svæðum.

Áhrif á samfélag eru jákvæð. Með stækkun efnistökusvæðis er tryggt nægt efni til ýmis konar framkvæmda á næstu árum.

Áhrif á náttúruvá og mengun eru óveruleg. Skilmálar eru um að botn námu skuli verða nokkuð yfir þekktri flóðhæð í Hvítá svo ekki sé hætt á landbroti og ekki er heimilt að geyma olíur í námunni. Umferð verður eitthvað meiri vegna efnistöku úr námunni en ætla má að efni út henni verði einkum nýtt í innan við 15 km fjarlægð. Akstur verður því sjaldnast langar vegalengdir og áhrifin að mestu staðbundin. Engin búseta er það nálægt námunni að hljóð vegna efnisvinnslu hafi áhrif.

Áhrif á vernd eru óveruleg. Þekktar minjar eru innan svæðisins og settir skilmálar um að hafa skuli samráð við Minjastofnun um framkvæmdir í nágrenni við minjar. Svæði undir hverfisvernd vegna fuglalífs er beggja vegna við námuna. Neikvæð áhrif verða á fugla vegna hávaða við efnisvinnslu og umferð vinnuvéla. Sett er stefna um að leitast skuli við að taka tillit til fugla á varptíma og hafa efnistöku þannig að hún hafi sem minnst áhrif á fugla á nærliggjandi svæðum.

Áhrif á loft eru neikvæð því við efnisvinnslu og akstur með efni losna gróðurhúsalofttegundir. Þó þarf að horfa til þess að stærsti hluti efnis úr námunni verður að öllum líkindum nýttur í innan við 15 km fjarlægð. Akstur verður því sjaldnast langar vegalengdir.

Stefna í gildandi skipulagi

Áhrif á land og landslag eru óveruleg. Efnistaka hefur farið fram á svæðinu undanfarin ár og gilda skilmálar aðalskipulags um fyrirkomulag efnisvinnslu og frágang svæðis.

Áhrif á vatnshlot eru óveruleg því efni er ekki tekið úr farvegi Hvítár og gert ráð fyrir að vatnshlot nái umhverfismarkmiðum sínum.

Áhrif á gróður og dýr eru óveruleg/neikvæð. Svæðinu hefur verið raskað við efnistöku. Ekki er tekið efni úr Hvítá og því engin áhrif á dýralíf í ánni. Áhrif á fugla eru neikvæð því ekki eru skilmálar um að taka skuli tillit til þeirra, einkum á varptíma. Þó þarf að horfa til þess að aðeins er heimilt að vinna 50 þús. m³ úr námunni og umfang efnisvinnslu því ekki mikið.

Áhrif á samfélag eru jákvæð því efni úr námunni nýtist til ýmis konar framkvæmda.

Áhrif á náttúruvá og mengun eru óveruleg. Umfang efnisvinnslu er ekki mikið og akstur með efni sjaldnast um langar vegalengdir. Engin búseta er það nálægt námunni að hljóð vegna efnisvinnslu hafi áhrif.

Áhrif á vernd eru óveruleg. Umfang efnistöku er lítið og nokkuð frá þekktum minjum og svæði undir hverfisvernd.

Áhrif á loft eru óveruleg/neikvæð. Gróðurhúsalofttegundir losna við efnisvinnslu og akstur með efni. Umfang efnisvinnslu er ekki mikið og áhrifin því minni.

5.2.1 Niðurstaða

Líklegt er að við efnisvinnslu verði neikvæð áhrif á fugla vegna hávaða og umferðar. Til að draga úr áhrifum er sett stefna um að leitast skuli við að taka tillit til fugla á varptíma og hafa efnistöku þannig að hún hafi sem minnst áhrif á fugla á nærliggjandi svæðum.

Áhrif á loft eru neikvæð því vinnsla í námunni og akstur með efni losar gróðurhúsalofttegundir. Það minnkar þó áhrifin að ekki þarf að aka langar vegalengdir frá námu að notkunarstað efnis, því búist er við að stærstur hluti efnisins verði nýttur á Flúðum, í Reykholti eða á því svæði.

Mikil þörf er fyrir góðar efnisnámur í uppsveitum Árnessýslu. Því fagnar sveitarfélagið því að landeigandi vill stækka námuna á Kópsvatni, enda er þar að finna mikið efni sem hentar til fjölbreyttrar notkunar.

6 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ


Skipulagslýsing var auglýst á haustmánuðum. Umsagnir bárust frá: Skipulagsstofnun, Hafrannsóknastofnun, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Náttúrufræðistofnun, Vegagerðinni og Umhverfisstofnun. Eftir því sem við á hefur verið tekið tillit til umsagna.

Aðalskipulagsbreytingin er kynnt og auglýst í blöðum og í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast í skipulagsgátt fyrir auglýstan tímafrest.

Breytingin verður send til eftirtalinna umsagnaraðila:


- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Veðurstofan
- Vegagerðin
- Veiðifélag Hvítár
- Fiskistofa
- Hafrannsóknastofnun

6.1 Skipulagsferli



Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016 - 2032

Sveitarfélagsuppdráttur - Kópavatn efnistökusvæði



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR

SKÝRINGAR

Atvinna og byggð

- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Frístundabyggð
- Landbúnaðarsvæði
- Opín svæði
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Íðnaðarsvæði
- Vatnsból


Samgöngur og vegir

- Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðrir vegir
- Slóðar

- Megin gönguleiðir
- Megin reiðleiðir
- Hitaveita
- Raflínur
- Vatnsveita

Takmarkanir á landnotkun

- Hverfisvernd
- Vatnsvernd fjarsvæði
- Vatnsvernd grannsvæði
- Náttúruvá
- Akuryrkjuland flokkur I og II
- Ræktað land
- Landamerki
- Sveitarfélagsmörk
- Svæði breytingar



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR

Skipulagsgögn:
Uppdráttur þessi með greinargerð.



Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032
Kópavatn efnistökusvæði

Verk: 109677
Unnið: IS

Blaðstærð: A4
Rýnt: GAL

Mælikvarði: 1:50.000
Dags: 23.10.2024

Breytt dags: